

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslenska

**Atburðir úr gönguferðum með hund  
og  
Geðlæknirinn**

*Smásögur*

Ritgerð til BA prófs í íslensku  
Anna Björg Siggeirsdóttir  
Kt.: 300461-2479

Leiðbeinandi: Rúnar Helgi Vignisson  
September 2015

## Ágrip

Smásagnasafnið „Atburðir úr gönguferðum með hund og Geðlæknirinn“ hefur að geyma söguna um „Geðlækninn“ auk fimm smásagna sem allar eiga það sameiginlegt að ein persónanna er kona með hund.

Hugmyndir fjögurra þeirra fæddust beinlínis í gönguferðum höfundarins með hundinn sinn. En konur sögunnar eru ólíkar innbyrðis og eiga fátt skylt með höfundinum annað en hundinn.

Segja má að sögurnar birtist eins og svipmyndir, við fáum að skyggnast litla stund inn í hversdaginn hjá persónunum en þurfum jafnhraðan frá að hverfa. Þær eru í senn kímnar og tregafullar og persónurnar fjölbreytilegar.

„Geðlæknirinn“ sem er lengsta sagan í bókinni og sú eina sem er hundlaus, er af öðru tagi og þar er öllu flóknari söguþráður. Hún fjallar um miðaldra mann og unga konu sem verður á vegi hans fyrir tilviljun. Þau tengjast vináttuböndum. Við nánari kynni kemst unga konan að því að hann á sér sögu sem hún á bággt með að kyngja.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>2</b>
<b>Greinargerð</b> .....	<b>4</b>
<b>Tilurð verksins</b> .....	<b>4</b>
<b>Sagnasafnið</b> .....	<b>5</b>
<b>Einstakar sögur</b> .....	<b>6</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>8</b>
<b>Bátur</b> .....	<b>9</b>
<b>Gróttu</b> .....	<b>12</b>
<b>Góði maðurinn</b> .....	<b>16</b>
<b>Maðurinn í grænu úlpunni</b> .....	<b>20</b>
<b>Fótatak</b> .....	<b>22</b>
<b>Geðlæknirinn</b> .....	<b>25</b>

## Greinargerð

### Tilurð verksins

Í þessu verkefni mínu til BA prófs er að finna fimm stuttar smásögur og eina lengri. Upphaflega stóð til að skrifa örsögur við ljósmyndir eftir sjálfa mig. Ég tek mikið af ljósmyndum á daglegum gönguferðum með hundinn minn og skrifa stundum eitthvað hjá mér í tengslum við þær. Það fór þó svo að örsögurnar urðu að smásögum og myndirnar breyttust líka í texta. Enda er sköpunarferlið í eðli sínu bæði breytilegt og óstýrilátt.

Ljósmyndirnar eiga samt sem áður sinn þátt í þessum sögum því sumar sögurnar eru beinlínis byggðar á stökum ljósmyndum. Myndavélin er sannarlega gott hjálpartæki við skriftir, að minnsta kosti hvað mig varðar.

Ég bý í miðbæ Reykjavíkur þar sem líklegast er að þversnið Reykvíkinga sé að finna. Það og ys og þys miðbæjarins gefa mér gott efni að moða úr. Enda byggja persónurnar í sögunum mínum gjarnan á augnabliksmynd af manneskju sem verður á vegi mínum.

Á gönguferðum þessum, sem eru að minnsta kosti tvær á dag, opna ég fyrir öll skilningarvit, anda að mér misfersku borgarloftinu og horfi grannt á mannfólkið með sínum mörgu blæbrigðum. Hundurinn Kappi þarf víða að stansa, þefa og merkja sér áhugaverð svæði. Það er því ekki strunsað á þessum ferðum okkar, allt er grandskoðað. Kappi á sinn þátt í þessum sögum því hann opnar fyrir óvænt sjónarhorn á veruleikann og kemur mér í aðstæður sem ég hefði ella ekki lent í.

Þegar til stóð að hefjast handa gerðust atburðir sem breyttu áformum mínum og lífi. Bæði móðir mín og tengdamóðir létust með tveggja mánaða millibili á vordögum. Það tafði vinnuna og dró úr mér við skriftirnar. Ég varð aftur á móti skyndilega upptekin af ellinni og því sem henni fylgir. Hvernig er það að vita að dauðinn er skammt undan? Eru tilfinningar fólks eitthvað öðruvísi þegar aldurinn færist yfir? Hvernig er það að verða gamall? Í kjölfar þessara pælinga fóru hugmyndirnar margar hverjar að snúast um aldraða og tvær af styttri sögunum fjalla beinlínis um lífsskeiðið þegar ellin færist yfir.

## Sagnasafnið

Verkið byggist eins og áður segir á fimm stuttum sögum og einni lengri. Allar stuttu sögurnar eiga sameiginlegt að í þeim er að finna konu með hund. Þær hafa því fengið einskonar yfirheiti, sem er „Atburðir úr gönguferðum með hund.“ Þær bera þó líka eigin heiti. Sú lengri „Geðlæknirinn,“ er af allt öðru tagi en þar er tekist á við flóknari fléttu.

Ég hef haft ánægju af að skrifa þessar sögur en þó hef ég lent í ýmsum erfiðleikum í ferlinu. Einkum hef ég átt erfitt með að forma endalokin. Þegar hugmynd fæðist hjá mér er hún bæði án upphafs og endis. Oftast felst hugmyndin í stakri persónu sem skyndilega vaknar upp og langar að eiga sér líf. Gjarnan líður langur tími frá því að hugmyndin fæðist og þar til ég hef kynnst persónunni nægilega mikið til að geta spunnið söguþráðinn. Það gengur oft hratt og vel eftir að ég er byrjuð en þegar fer að nálgast lokin syrtir oft í álinn. Það er nú einu sinni svo að endalok smásögu skipta höfuðmáli. Það eru því gerðar margar tilraunir þar til lausnin er fundin og kostar stundum allsherjarbreytingu á sögunni.

Mér finnst mér afskaplega gaman að skrifa mannlýsingar, bæði beinar og ekki síður láta persónuna lýsa sjálfri sér í gegnum það sem hún segir. Í því sambandi má benda á „Góða manninn“ og gömlu hjónin í „Gróttu.“

Þessar sögur eru ekki ádeila eða predikun af neinu tagi. Mér er ekki lagið að messa yfir fólki. Þeim er frekar ætlað að bregða upp svipmyndum úr lífi fólks sem á það sammerkt að veita umhverfi sínu athygli og gefa gaum að því smávægilega og hversdagslega sem margir skauta hjá. Ég leitast við að sýna í stað þess að segja og vonast til að lesendur upplifi með mér augnablik úr lífi þessara vina minna, setji sig í spor þeirra og skilji tilfinningar þeirra. Rétt er að taka fram að konurnar með hundinn í sögum þessum eiga ekkert skylt við mig nema að við eigum allar hund.

## Einstakar sögur

Í sögunni „**Bátur**“ er brugðið upp mynd af gömlum manni sem býr á Dvalarheimili aldaðra, Grund. Þar leitast ég við að lýsa öryggisleysi eldra fólks, sorg yfir missi og glötuðu frelsi, horfnum draumum. Þessi saga kom hratt og hefur ekki mikið breyst frá upphafi. Ég lenti í vandræðum með tíðirnar í frásögn gamla mannsins um gamla daga og innilokun á elliheimilinu. Þetta reyndi ég að lagfæra á seinni stigum.

Í „**Gróttu**“ er sagt frá gömlum hjónum sem sitja á bekk og tala saman og einmana konu sem verður vitni að samtali þeirra. Hugmyndin að þessari sögu er sprottin upp af ljósmynd af gömlum hjónum á bekk sem ég tók við Gróttu í sumar. Samtalið er þó mín hugarsmíð en það kom hratt og örugglega og hefur sama og ekkert breyst frá því ég setti það fyrst á blað. Í fyrstu hugsaði ég mér að láta samtalið standa eitt, enda átti þetta í upphafi að vera örsaga. Síðar gerði ég meira úr sögumanninum og konan því fékk sína eigin sögu. Segja má að hér séu tvær sögur í einni.

„**Góða mannum**“ mætti ég í alvöru, drukknum og brosandí á Austurvelli í brúnum jakkafötum. Hann minnti mig aðeins á leikarann Javier Bardem, spjallaði við hundinn og sagði mér að dýr hændust að sér. En það er allt og sumt. Þegar ég skrifaði þessa sögu fyrst var hún bara um manninn, konan var aðeins áhorfandi og sögumaður. Ég breytti því og gerði hana að aðeins meiri persónu. Segja má að efni þessarar sögu sé hugmyndin um það hvaða afstöðu fólk hefur til lífsins, hverju það breytir og hvernig „eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt.“ Jákvæðni smitar út frá sér.

„**Maður í grænni úlpu**“ er lítil saga sem skrifaði sig að mestu sjálf. Hún er sú eina sem hefur beina skírskotun í sjálfa mig. Sjúkdómur sem ég glími við, veldur því að stundum finnst mér orðið framtíð hafa tapað gildi sínu. Framtíð mín er ekki óskrifað blað. Hún er miklu fremur autt og gulnað blað. Ég reikna ekki með að aðrir skilji þessa sögu á þann veg. En hún er kjörin til spekúlasjóna um merkinguna.

Sagan „**Fótatak**“ er af öðru tagi. Hún lýsir nótt hjá konu í grónu hverfi í miðborginni sem er að kljást við samvisku sína. Þessi saga lá lengi í salti hjá mér því ég vissi lengi vel ekki hvort hún var mjög vond eða þokkalega góð. Hún var í upphafi töluvert lengri en hún er í lokaútgáfunni en hún styttist í hvert skipti sem hún var dregin upp úr saltpæklinum eða allt þar til leiðbeinandi fékk hana í hendur. Honum þótti hún heldur knöpp. Ég hef sennilega gert of miklar kröfur til lesenda um að þeir gætu lesið á milli línanna. Í þessari sögu reyni ég að vinna með skynfærin og þá aðallega heyrnina sem tengist þekktu vandamáli, svefnleysinu, sem á gjarnan rætur að rekja utanaðkomandi truflunar og ekki síður ákveðins hugarástands eða tilfinninga. Hugmyndin um fótatakið er sprottin af eigin reynslu af að búa við samskonar aðstæður og Sunna. Varðandi lokin á þessari sögu þá átti ég ekki í neinum vandræðum. Mér finnst lausnin liggja beint við. Ég vildi samt gefa lesandanum færi á að mynda sér sína eigin skoðun á því hvað raunverulega gerðist undir glugganum hennar Sunnu þessa nótt. Þessi saga gæti hæglega átt sér hliðarsögu. Kannski skrifa ég hana einhverntíman seinna.

„**Geðlæknirinn**“ er byggður á ákveðinni persónu en Guðmundur sögunnar á þó fátt sameiginlegt með þeim raunverulega, nema það að báðir eru fíklar. Í þessari sögu sem er mun lengri en hinar reyni ég við flóknari fléttu en í hinum sögunum sem segja má að séu einskonar svipmyndir. Sagan fjallar um Guðmund nokkurn, mann á fimmtugsaldri, alkóhólista og dópista og samskipti hans við unga konu sem óvart verður á vegi hans.

Sagan á að gerast kringum 1980, í stað þess að segja það reyni ég að láta innri tíma sögunnar koma í gegnum textann. Til þess nota ég til dæmis skemmtistaðinn Óðal og Nýja kökuhúsið sem lengi stóðu við Austurvöll og Naustið á Vesturgötu. Auk þess nota ég Mokka, Mímisbar og Herrafataverslun Guðsteins til að tengja við nútíðina. En þetta eru allt gamlir staðir sem lifa enn góðu lífi lítið breyttir.

Þessi saga byrjaði vel hjá mér en þegar aftar dró í frásögninni fannst ég mér missa tökin og frásögnin varð nokkuð eintóna. Mér tókst ekki vel að gæða kvenpersónuna lífi. Ég breytti því sögunni töluvert með því að gera ungu konuna

heillaða af Guðmundi þvert á vilja sinn. Það fór svo þannig að sagan tók af mér völdin og eignaðist sjálfstætt líf. Þátt fyrir að ég afneiti henni ekki þá er það nú þannig að hún fór allt öðruvísi en ég ætlaði mér.

## **Lokaorð**

Það hefur verið spennandi og lærdómsríkt að takast á þetta verkefni þrátt fyrir að um mitt sumar hafi horfurnar ekki verið góðar með „andann“ svokallaða. Ágústmánuður reyndist vera hins vegar vera andans mánuður og eitthvað skemmtilegt losnaði úr læðingi. Ég vona að lesendur, ef einhverjir eru, hafi jafnmikla ánægju af lestrinum og ég hef haft af skriftunum. Að lokum þakka ég hundinum mínum, Ljúflings Æsi Kappa, fyrir innblásturinn og sérdeilis góða samvinnu.



## Bátur

Árla morguns gengum við hundurinn sem leið lá að gömlu höfninni við Ægisgarð og framhjá Slippnum, þar sem við rétt sluppum undan fagurbláum málningarúða og námum staðar við Sjóminjasafnið. Ég var slæm í fætinum svo ég tyllti mér á bekk.

Eins og ævinlega fór hundurinn eitthvað að snuðra og gaf sig að gömlum manni sem stóð og virti fyrir sér gulmálaðan bát. Báturinn var kominn nokkuð til ára sinna og lá við festar utan við safnið. Gamli maðurinn tautaði eitthvað við sjálfan sig, leit upp þegar hundurinn heilsaði með dillandi rófu og brosti svolítið skældu brosi. Ég sótti hundinn og baðst afsökunar á frekjunni í honum.

„Ekkert að afsaka. En ósköp eruð þið snemma á fótum,“ sagði hann og leit spyrjandi á mig.

„Við erum að viðra hvort annað,“ sagði ég, „það er okkar aðalstarf, eftir að ég fékk þennan.“ Ég veifaði stafnum til að undirstrika orðin. „Hundurinn sækir niður að höfn, sjávarlyktin er lokkandi. Og ég mér finnst það eins og að sjá inn í eilífðina að horfa út á sjó.“

„Það er nokkuð til í því, það er fallegt og róandi að horfa út á haf,“ sagði gamli maðurinn.

„Mér finnst stundum að handan við sjóndeildarhringinn sé að finna lausn allra minna vandamála. Líklega eins og kúnum finnst grasið ávallt grænna hinum megin við girðinguna.“

Ég var ekki enn búin að jafna mig á slysinu sem eyðilagði á mér fótinn, hvorki andlega né líkamlega, og var uppfull af tilvistarlegum efasemdum.

Gamli maðurinn kinkaði kolli.

„Ósköp ertu notalegur við mig karlinn minn,“ sagði hann við hundinn. „Ég kom annars bara til að líta eftir hvort báturinn væri ekki á sínum stað.“

Ég bað hann blessaðan að láta mig ekki trufla sig. Það væri nóg pláss fyrir okkur bæði. Svo spurði ég hann hvort hann ætti þennan bát.

„Neei,“ svaraði hann dræmt. „En ég kem á hverjum morgni. Þegar ég get.“ Svo sagði hann mér að hann ætti hvorki bát né hús lengur og að konan hans hefði dáið frá honum. Hann bjó á Grund, sagði hann og varð dapur í röddinni.

„Það eru komin nokkur ár. Þar er ágætt,“ sagði hann en án sannfæringar. „En það er stundum óþægilegt...“ Hann þagnaði í miðri setningu.

Ég sagði ekkert, vildi ekki trufla, fannst eins og hann vildi segja mér meira.

„Það er vel hugsað um mann,“ sagði hann. „Of vel ef ég má segja það. Stundum er þvertekið fyrir að ég fari út. Þau segja að ég hafi ekki verið með sjálfum mér um daginn. Fullyrtu að ég hefði ráfað út og ekki komist til baka. Eins og ég rati ekki um Vesturbæinn. Að ég hefði ruglað og orðið illskeyttur við starfsfólkið. Ég trúí því nú mátulega. Hún Erla mín sagði alltaf að ég gerði ekki flugu mein og kallaði mig óttalegt gæðablóð.“ Blik kom í augu gamla mannins.

„Ansans vitleysa.“

„Í morgun fór ég samt, gekk bara beint út á peysunni án þess að nokkur næði að stöðva mig.“

Hann brosti út í annað og hélt áfram að segja frá. Það var reyndar farið að kula og ég hafði áhyggjur af að honum yrði kalt. Ég hlustaði samt róleg á meðan hann talaði.

„Hann hefði vaknað snemma, sagði hann, og klætt sig með hægð, gerði reyndar allt með hægðinni núorðið. Fór hljóðlega til að vekja ekki herbergisfélaganna sinn, Jóhann, sem svaf með opinn munn og hraut lítillega. Klukkan var rétt farin að ganga átta og nógur tími til að fá sér hafragraut og kaffisopa áður en hann færi út. Hann kíkti út á milli gluggatjaldanna en dró ekki frá. Jóhann vildi alltaf hafa dregið fyrir, hann var með augnsjúkdóm og þoldi illa ljós.

Mikið hvað hann saknaði þess að geta ekki boðið daginn velkominn með því að hleypa birtunni inn. Þau höfðu gert það hjónin, byrjað daginn á því að draga frá öllum gluggum. Svo hafði hún hitað kaffið og gert grautinn, sem var alltaf eins, mátulega þykkur og mátulega saltur. Það var sjaldan afgangur og ef svo var þá fengu þau sér hræring í hádeginu, með rjómblandi. Grauturinn hérna

var misjafn, þykkur og kekkjóttur einn daginn, lappunnur hinn og aldrei nógu saltur. En það var víst erfiðara að búa til graut fyrir hundrað heldur en tvo.

Hann velti fyrir sér hvort hann kæmist út í dag. Það hafði hann ekki fengið síðustu daga. Alltaf var einhver starfsmaðurinn nálægur til að góma hann þegar hann ætlaði að leggja í hann. Í gær var hann orðinn miður sín af áhyggjum af að báturinn væri ekki á sínum stað. Hann var alltaf hræddur um að einn daginn þegar hann kæmi niður að höfn væri hann horfinn. Þessi hræðsla um allt var nýtilkomin. Honum fannst hún óþægileg. Þetta var sama tilfinningin og í gamla daga þegar hann var barn og nýfluttur úr sveitinni. Öryggisleysi. Það er vont að verða svona gamall og vera upp á aðra kominn.“

Hann horfði hugsi út á haf.

„En hvað er ég að rausa þetta yfir þér, blessuð mín. Ég skil ekkert í mér.“

„Þetta er allt í lagi,“ sagði ég. „Hvernig bát áttir þú?“

„Það var lítill gulmálaður bátur,“ sagði hann.

„En þessi hérna... mig dreymdi um að eignast hann daga og nætur. En það kom aldrei til. Ég átti aldrei næga aura til þess. Svo keyptum við húsið við Framnesveginn, það kostaði sitt.“ Hann var orðinn voteygur og þurrkaði sér með erminni. „Draumarnir eru það eina sem maður á eftir.“

„Þarna ertu þá Finnbogi, guði sé lof,“ heyrðist kallað af bílastæðinu ofan við safnið. „Við erum búin að leita að þér í tvo klukkutíma. Hvað varstu að hugsa að stinga svona af? Er þér ekki orðið skítkalt, maður?“

Ungur maður kom gangandi til okkar.

„Komdu nú í úlpuna vinur og ég geng með þér heim.“

Gamli maðurinn blikkaði mig og lagði auðsveipur af stað heim á leið.

## Gróttu

„Út vil ek“ voru skilaboðin sem hundurinn kom á framfæri með því að setjast við útihurðina og gelta. Mér var því ekki til setunnar boðið. Við tókum stöðuna á veðri og vindátt, ég á netinu, hann með nefinu. Sameiginleg niðurstaða okkar var að þetta væri góður dagur til að fara út í Gróttu. Þar er margt sem gleður bæði hunda og menn.

Mér hafði alltaf þótt þessi staður seiðmagnaður og róin sem hér ríkti var engu lík. Sólin var björt og hlýtt í veðri. Krían og stelkurinn skipuðu sér beint í vörn þegar ég og hundurinn, hinn mikli ógnvaldur fuglaheima, stigum út úr sólheitum bílnum. Krían steypiti sér í ósköpum á fluginu og stelkurinn vappaði á stígnum rétt á undan okkur á appelsínugulum leggjum, stansaði, stóð á öðrum fæti, steig í báða, flögraði upp á stein og aftur sömu leið.

Víða mátti sjá fólk á ferð og hjólreiðamenn þutu hjá á ofsahraða. Það raskaði þó á engan hátt friðnum. Hundurinn merkti í óðaönn allar þúfur við bílastæðið og meðan ég hinkraði tók ég eftir gömlum hjónum sem sátu á bekk rétt hjá. Gönguferð þeirra hafði sennilega verið í styttra lagi, enda var maðurinn með hækju sem hann hafði lagt á bekkinn við hlið sér. Ég smellti af þeim mynd í safnið mitt.

Ég fann fyrir öfund þegar ég horfði á þau. Ástæðan var einföld; núna var ég bara einsömul kona með hund. Ég var þó farin að jafna mig. Stundum var ég næstum fegin að vera ein. Það var tilhugsunin um ellina sem fyllti mig leiða og öryggisleysi.

Heima hjá mér var ljósmynd af afa mínum og ömmu. Hún sýndi þau eldgömul og skellihlæjandi, sitjandi í á bekk í miðbænum. Hann hvíthærður og tannlaus og hún með bleikan varalit í gömlu, bláu kápunni sinni. Söknuðurinn helltist yfir mig þegar ég horfði á myndina, ég átti ekki eftir að upplifa slíka stund. Hún fór því ofan í skúffu einn svartan dag. Það breytti þó engu því hún var greipt í huga mér. Ég fékk undarlegan áhuga á lífi gamalla hjóna sem varð fljótlega að þráhyggju. Þegar ég sá gömul hjón á gangi kom það fyrir að ég elti þau eins og til að gægjast

inn í tilveru þeirra. Augun leituðu þau uppi hvert sem ég fór. Ég átti orðið safn ljósmynda af þessu tagi. Áður en ég vissi af hafði ég fært mig nær fólkinu á bekknum til að heyra hvað þeim fór á milli.

Þau snéru baki í mig og horfðu út á haf. Hún var öll heldur stærri en hann, að minnsta kosti í sæti, og þykkari um axlirnar. Hann var rýrari að sjá og virtist fremur þunnur á vangann. Hún horfði í lítinn kík og benti aftur og aftur út á sjóinn og sagði eitthvað við manninn. Ég fylgdi bendingu hennar eftir með augunum og sá skip við sjónarrönd. Það var rautt og hvítt og skar sig vel frá bláma hafs og himins.

Þeim lá fremur hátt rómur, heyrnin ef til vill farin að dofna.

„Hvernig skip?“ heyrði ég að hann spurði.

„Það er nokkuð stórt,“ sagði hún „rauðmálað á skrokkinn og hvítt að ofan.“

„Hvað sérðu meira?“

„Eitthvað marglitt sem hreyfist... mér sýnist vera fjöldi manns á skipinu, það virðist bara vera mannþröng þarna.“ Hún hálfstóð upp og skyggði hönd fyrir augu.

„Ja hérna, þú segir ekki. Og allir uppi á dekki?“

„Já, þetta er eins og þeir eru að sýna í sjónvarpinu. Heldurðu að þetta sé nokkuð flóttamannaskip?“ spurði hún og það var spenna í röddinni.

„Flóttamannaskip?“ hváði maðurinn og horfði út á hafið. Strauk með handarbakinu yfir augun.

„O varla,“ sagði hann.

„Heldurðu ekki?“ hélt hún áfram. „Það er svo mikið verið að tala um svoleiðis í fréttunum.“

„Það er ekki hér nálægt“ sagði maðurinn stillilega.

„En hér eru mörg þúsund flóttamenn, Pólverjar og alls kyns, sagði hún og horfði enn í kíkinn. Og hafa ekki varðskipin okkar verið að....“ Hún tók fram í fyrir sjálfri sér. „Almáttugur! Þetta eru mest konur og börn og svo ungir menn, sýnist mér, ég held að við ættum að tilkynna þetta til lögreglunar Geiri minn. Réttu mér símann í töskunni þarna.“

„Hvaða vitleysa er þetta í þér, manneskja. Þetta eru ekki neinir flóttamenn. Hér eru margir erlendir ríkisborgarar við vinnu, þeir eru engir flóttamenn.“

„Þeir segja það nú samt í fréttunum.“

Hann hristi höfuðið. Hún hélt áfram.

„Þeir segja í fréttunum að fólkið sé stundum aðframkomið vegna hungurs og vosbúðar á þessum skipum.“

„Jaaá,“ svaraði hann og dró seiminn „en þetta er nú ekkert flóttamannaskip, Guðrún mín.“

„Þú þarft ekki að tala svona við mig, ég veit þetta. Alltaf þarftu að efast um það sem ég segi. Orðinn hálfblindur og fótalaus aumingi, ég segi nú ekki meir. Svona fáðu mér símann,“ sagði hún hvasst.

Maðurinn leit hissa á konuna. Svo sagði hann hægt og yfirvegað:

„Þú ættir kannski að setja á þig heyrnartækið þegar þú hlustar á fréttirnar, svo þú sért ekki að básúna svona vitleysu fyrir allra eyrum.“ Hann sveiflaði hækjunni út í loftið og svo fór allt í bál og brand. Þau hnakkrifust og ég hélt helst að stefndi í handalögmál. Ég sá þann kost vænstan að forða mér áður en þau áttuðu sig á að ég hefði verið að hlusta.

Rétt þegar ég var lögð af stað með ópreyjufullan hundinn, mættum við brosandi brúðhjónum ásamt fylgdarliði. Þau voru að koma úr myndatöku. Ég heilsaði og horfði á eftir þeim þar sem þau stefndu í áttina að bekk hjónanna. Þau gömlu snarpögnuðu bæði í sömu andrá og brúðhjónin komu í ljós á stígunum framundan. Ég hinkraði, forvitin að vita hvernig þetta færi. Gamla konan hreinlega stökk á fætur og bað guð að blessa brúðhjónin og sjálfa sig og brast síðan í grát. Brúðhjónin vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið og horfðu vandræðalega á konuna. Brúðurin klappaði henni hlýlega á öxlina.

„Fástu ekki um mig, væna mín, ég er bara gömul kerling. Við sátum nú bara hérna og hnakkrifumst og vorum alveg búin að gleyma hvers vegna við sitjum hérna einmitt í dag.“ Hún leit á gamla manninn og hann rétti henni höndina. „Þetta er nefnilega brúðkaupsdagurinn okkar, við giftum okkur þennan dag fyrir fimmtíu árum og við komum hingað í myndatöku, rétt eins og þið. Þetta var

eiginlega brúðkaupsferðin okkar. Það var hamingjudagur, var það ekki elskan mín?“ sagði hún og tók enn þéttar í hönd mannsins. Hann kinkaði kolli til hennar og það var hiti í augunum.

Hundurinn var löngu orðinn leiður á þessu hangsi og togaði óþolinmóður í bandið. Ég hafði tyllt mér á stein en reis nú upp, yfirkomin af þessari einkennilegu uppákomu. Þegar heim kom sótti ég ljósmyndina af afa og ömmu ofan í skúffu og stillti henni aftur upp á hillu. Hún truflaði mig ekki lengur. Ljósmynd er einungis eitt augnablik í heilli ævi.

## Góði maðurinn

Skapið var í verra lagi daginn sem Elín hitti manninn. Allt hafði gengið á afturfótunum í vinnunni, hún klúðraði stóru verkefni og fékk ákúrir fyrir hjá yfirmanninum. Hún átti þessu ekki að venjast því hún gerði sjaldan mistök enda reyndur og dugmikill starfkraftur. En þetta gat víst komið fyrir alla. Hún var meira reið en leið yfir mistökum sínum og fór snemma heim. Hún ákvað að viðra sig og hundinn í von um að góða veðrið létti lundina. Þau gengu kringum Tjörnina með viðkomu á Austurvelli sem var einn af uppáhaldsstöðum hundsins. Þar var að finna ýmsar ilmtegundir sem þurfti að rannsaka náið.

Þegar þau komu fyrir hornið hjá Dómkirkjunni sá hún hvar maður steig út úr leigubíl við Hótel Borg og gekk inn á Austurvöll. Hún tók eftir honum því þetta var myndarmaður að sjá með kæruleysislegt fas. Hann var á óræðum aldri en fötin hans voru þó greinilega frá allt öðrum áratug eða jafnvel annarri öld. Dökkbrún jakkaföt, ljós skyrtan opin í hálsinn og hvítir skór. Hann var með hækju og stakk við.

Hundurinn hljóp til hans glaður og þefaði af annarri buxnaskálminni. Buxurnar voru töluvert útvíðar og flöksuðust við hreyfingar mannsins. Hundinum þóttu þetta skrítnar buxur og reyndi að bíta í skálmarnar. Maðurinn hrökk í kút við ágengni hundsins og leit við.

„Nei, greyið, hvað þú ert fallegur,“ sagði hann drafandi, beygði sig niður og klóraði honum á bak við eyrað. Elín var nokkuð á eftir hundinum en flýtti sér nær og kippti fast í tauminn. Hundurinn skeytti því engu og sleikti nú hendur mannsins af ákafa.

Maðurinn var töluvert eldri en hún hélt í fyrstu og hreint ekki eins myndarlegur. Svo var hann augljóslega drukkinn. Hann var tekinn í framan, dökkt hárið tjásulegt og ekki beint prýði að rytjulegu skegginu. Augljóst var þó að hann hafði verið glæsilegur á yngri árum. Hann minnti hana augnablik á leikarann



Javier Bardem sem henni fannst alltaf ansi kynþokkafullur. Það augnablik leið hins vegar fljótt hjá.

„Sjáðu. Dýrin sækja í mig. Elsku vinurinn,“ sagði hann, klappaði og strauk hundinum og leit á hana alveg skælbrosandi. Hún hélt áfram því hún nennti ekki að fara að þvæla við einhverja fyllibyttu um hábjartan dag á miðjum Austurvelli.

„Öll dýr, hundar, kettir, hestar... hænast að mér, veistu, það er af því að ég er svo góðlegur og bara góður maður. Dýrin finna það á sér. Konur líka,“ bætti hann við.

„Já sko veistu, konur hópast að mér. En þú átt þennan hund, já? Hvað ertu að gera með hann? Áttu ekki mann?“

Hún svaraði ekki enda komin töluvert frá honum. En hann gafst ekki upp og kallaði á eftir henni.

„Áttu ekki mann? Dýr og og konur elska mig, heyrðirðu ekki hvað ég var að segja? Ég er ákaflega góður maður. Ekki ómyndarlegur heldur. Eða hvað finnst þér?“

Eitthvað hafði skapið mildast því hún hafði ekki brjóst í sér að hlaupa svona í burtu frá þessu gæðablóði á miðjum Austurvelli, snéri sér við og svaraði að víst væri hann myndarlegur og vafalaust góður líka. En hún ætti aftur á móti mann.

„Nú, það var leiðinlegt,“ sagði hann „eins og ég hæni að mér konur. Þær bara koma til mín, sumar eiga meira að segja mann eins og þú. Ég hef átt margar konur. Sjáðu til, af því ég er svo góður maður.“

„Jæja,“ svaraði hún, „heppinn ertu.“

„Já,“ segir hann, „ég get bara ekkert gert að þessu.“

„Jæja, góði maður, nú þarf ég að fara.“ Hún kvaddi hann með handabandi.

„Já, bless,“ svaraði hann og brosti fallega.

Elín var komin í alveg ljómandi gott skap og rölti af stað heim. Hún settist á bekk á miðri leið, tók hundinn í fangið, strauk honum og klóraði annars hugar á meðan hún lét sólina skína á andlitið. Hann var ekki vanur slíku atlæti, vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið og braust um til að losna. Líklega dauðhræddur um að hún mundaði skæri eða hárbursta eða klóklippurnar hræðilegu sem gjarnan

fylgdu svona faðmlagi. Ekkert slíkt stóð þó til. Henni datt í hug hvort hún ætti að gera þeim hjónum dagamun og elda eitthvað gott. Undanfarna mánuði hafði maturinn ekki verið upp á marga fiska, rétt svo að þau nenntu að kaupa skyr og brauð og elda stöku sinnum grjónagraut. Nú brá svo við að hana langaði hreinlega að kaupa inn og elda mat, já og kannski kaupa bein handa hundinum.

Hún stóð og hreinsaði humar þegar eigenmaðurinn kom heim. Á eldavélinni mallaði rísotto í potti og opin hvítvínsflaska var á borðinu. Hundurinn lá makindalega við fætur hennar og nagaði bein af ákafa. Vanari því að vera hent út úr eldhúsinu með harðri hendi.

„Hvað nú?“ spurði eigenmaðurinn, orðinn alls óvanur matarilmi í þessu húsi. Hann hugsaði með sér að þetta hefði hann svo vel getað gert sjálfur.

„Ekkert elskan mín, ég átti bara svo góðan göngutúr með hundinn í dag.“

Hann horfði hissa á hana. Gekk svo til hennar og kyssti hana á hálsinn. Þvoði sér um hendur og tók grænmetið sem lá á borðinu og bjó til litríkt og girnilegt salat. Þau borðuðu ljúffenga máltíðina og í samráði við veðurspámann Ríkisútvarpsins ákváðu þau að taka sér frí í nokkra daga til þess eins að slaka á.

Daginn eftir varð Elínu tíðhugsað til mannsins á Austurvelli, þar sem hún lá í sólbáði í garðinum. Hún velti fyrir sér hverjar aðstæður hans væru. Sennilega drykkjumaður með vafasama fortíð og líklega einn þeirra sem hefðu málað sig út í horn hjá fjölskyldunni. Samt virtist hann svo lífsglaður og kátur með sitt. Hún leit á mann sinn sem var eitthvað að bardúsa í garðinum og fann hvað hún var heppinn að eiga hann sem lífsförunaut. Ekki gallalausán auðvitað en samt svo ágætan.

Seinna í vikunni átti Elín erindi í Aðalstræti um hádegisbil. Hún heyrði einhver köll og hávaða skammt frá, fannst hún kannast við röddina og litaðist um. Stóð þá ekki góði maðurinn, kunningi hennar, við Ingólfstorg, skælbrosandi og veifaði hækjunni glaðlega. Líklega nýkominn út af Konsúlnum. Hann var að tala við hjólabrettastrákana.

„Strákar,“ kallaði hann. „Má ég prófa hjá ykkur? Ég er agalega flinkur á hjólabretti, var Íslandsmeistari eða eitthvað, ég er góður í öllu, alveg frábær bara.“

Hundar og börn hænast að mér og auðvitað konur. Um daginn kom til mín ákaflega fallegur hundur og sleikti mig allan, hann var svo hrifinn af mér. Svo kom konan sem átti hundinn og ég ætlaði bara aldrei að losna við hana, hún var svo skotin í mér. Alveg vitlaus í mig. Ég er sko svo góður maður. Allir bara hænast að mér.“

„Þú getur ekki verið á hjólabretti á hækjum,“ kallaði einn strákanna.

„Hækjum ha, já hækjurnar. Ég kem bara þegar ég er laus við þær og kaupi handa ykkur pizzu ef ég fæ að prófa. Ég er svo vænn og góður við krakka, sjáiði til.“

Elín brosti og gekk forvitin á eftir honum þar sem hann rölti áfram með hækjuna og settist á bekk hjá gömlum hjónum. Hún heyrði útundan sér að hann hóf mál sitt.

„Sæl veriði, gott er blessað veðrið.“ Hjónin litu hvort á annað og bjuggust til að standa upp. „Elskurnar mínar sitjið endilega áfram. Þið þurfið ekki að vera óróleg, ég er sko svo góður maður. Var alltaf svo ákaflega góður við hana ömmu mína.“

## Maðurinn í grænu úlpunni

Tvær nunnur á leið til morgunbæna í Landakotskirkju ganga á undan mér þar sem ég er á leið upp Túngötuna í björtu vorinu. Ég er að viðra hundinn minn og við beygjum upp á stíginn sem liggur gegnum Landakotstúnið. Jörðin er blaut eftir helliskúr morgunsins og ég vökna í fætuna þegar ég stíg augnablik út í grasið. Sólin er að brjóta sér leið gegnum skýin og skærgulir fíflar og sóleyjar teygja sig upp úr hvanngrænu grasinu. Það er hlýtt og ég er heit af göngunni.

Landakotstúnið er autt. Ég leysi hundinn úr ólinni, hann hleypur á undan mér upp að kirkjunni. Ég elti og sé að á lengdar stendur maður á stígnum móts við kirkjuna. Hann er eitthvað að bauka og ég hinkra smástund til að trufla hann ekki. Hundurinn vill hins vegar ólmur áfram og hleypur að mannum og reynir að ná athygli hans.

Maðurinn lætur hundinn ekki trufla sig, stendur bara þarna, grafkyrr. Hann er eilítið slánalegur, toginleitur og alvarlegur. Hárið er grátt og rytjulegt. Hann er klæddur skítugri, grænni gæruúlpu sem nær næstum niður á hné og í gömlum gúmmístígvélum. Skyldu rónarnir ætla að fara að venja komur sínar hingað á Landakotstún, hugsa ég og lít í kringum mig eftir fleirum. En þarna er enginn nema ég, hann og hundurinn.

Hann er að lesa. Hann stendur þarna hreyfingarlaus, langur og mjór og les upphátt úr lúinni bók. Heldur á bókinni í brjósthæð, eins og hann sé að lesa fyrir fjölda manns. Röddin er svolítið hás, tónfallið næstum eins og mantra. Varfærnislega færi ég mig enn nær og býst hálfpartinn við að sjá áhugasama hlustendur á grasinu fyrir framan hann. En hann er aleinn, stendur bara þarna með bókina sína og les upphátt. Bókin er í óvenjulegu broti, öll á lengdina, þunn, daufgræn á lit.

Ég ræski mig til að gera vart við mig, en hann veitir mér enga athygli. Hundurinn er enn með læti, vill fá viðbrögð frá mannum og ég skamma hann höstuglega. Algjörlega í sínum eigin heimi heldur maðurinn lestrinum áfram. Forvitin sest ég á bekk skammt frá. Hlusta grannt en greini varla orðaskil. Mér

líður vel í sólinni og lestur mannsins er eins og undirleikur við lífið sjálft þennan fallega morgun.

Ég legg enn betur við hlustir og það þyrmir yfir mig þegar ég átta mig. Hann er að lesa um mig. Öll skilningarvit skerpast og ég heyri hvernig fortíð mín og framtíð hrynja tilbreytingalaust af vörum hans. Undrandi á því hve vel hann þekkir mig og hve langt hann sér, hlusta ég snortin á orð hans, þar til ég hverf ég með öllu inn í mína eigin sögu.

Það dregur fyrir sólu og tíminn stöðvast. Það er ekki lengur sumar með sólskini og fuglasöng, enginn hundur, hús eða trjágróður. Aðeins maður í grænni úlpu sem les.

Löngu seinna ranka ég við mér og stend upp og lít í kringum mig. Allt er aftur eðlilegt. Hundurinn liggur rólegur við fætur mér og fuglarnir syngja á ný. Við stíginn þar sem maðurinn stóð er ekkert að sjá nema lúna bók í bældu grasi. Ég beygi mig eftir henni, forvitin. Í henni er enginn texti, aðeins auðar blaðsíður sem eru örlítið farnar að gulna.

## Fótatak

Sunna vaknar upp við hurðarskell og finnur að það er ískalt í herberginu. Hún teygir höndina á koddann við hlið sér en grípur í tómt og koddinn er kaldur. Hann er líklega löngu farinn, hugsar hún og lítur á klukkuna. *Hann* er elskhugi hennar. Hún hefur vanið sig á að nefna hann aldrei með nafni. Það er til þess að ekki komist upp um þau. Þau vinna saman og eiga sama kunningjahóp, það þarf því lítið til að vekja grunsemdir. Og hann á aðra konu og lítinn dreng.

Þau ætla sér ekkert með þetta og vilja engan særa. Hún þjáist af samviskubiti en hann róar hana.

„Bara fling,“ segir hann. Hún mótmælir því ekki en hugsar sitt. Þiggur molana og getur ekki annað.

Klukkuna vantar korter í tvö og hann er vanur að vera farinn fyrir klukkan eitt. Heim. Hún andvarpar. Ljós gluggatjöldin blakta í vindinum og Sunna ætlar að standa upp til að loka en hættir við þegar hún heyrir karlmannsróm rétt undir glugganum. Forvitin leggur hún eyrun við. Það er hljóðbært í þessari gömlu götu sem er í alfaraleið og íbúarnir verða vitni að ýmsu.

„Þú ert ekki með sjálfri þér, láttu ekki svona,“ segir röddin, einkennilega klemmd. Hún heyrir konu svara einhverju óskiljanlegu og svo lágt kvein sem breytist í ofsafenginn grát. Svo glymur hratt fótatak sem fjarlægist smám saman. Hún glaðvaknar og flýtir sér áhyggjufull að glugganum en fólkið er á bak og burt. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún verður vitni að erjum milli fólks fyrir utan húsið. Það setur hana út af laginu og gerir hana dapra. Hún fer að hugsa um hana. Hina.

Hún sest fram í eldhús og kveikir sér í sígarettu. Hugsar til mömmu sinnar sem missti tökin eftir að pabbi hennar fór. Hún ætti aldrei afturkvæmt úr sinni dapurlegu einkaveröld.

„Þú lifir hvorki fyrir né í gegnum aðra, Sunna mín, mundu það,“ sagði pabbi hennar síðast þegar þau hittust. Hún hristir af sér þessar hugsanir og stendur upp. Henni er orðið hrollkalt af að sitja við eldhúsborðið, berfætt í næfurþunnum náttkjólnum.

Fyrir utan eldhúsgluggann er líka eitthvað um að vera. Karl og kona eru á hljóðskrafi undir glugganum. Inn á milli koma langar þagnir og hún hugsar sér að þau séu að kyssast. Hún sest í ruggustólinn, vefur utan um sig teppi og blundar út frá þessu lukkulega pari.

Hún rumskar þegar kyrrðin er rofin af spjalli og fótataki. Hún er orðin leikin í að greina fótatak fólks. Þetta er þar, hann í mjúkum skóm en það smellur í skóm konunnar og hún skjögrar. Örugglega á háum hælum. Steinlagðar götur eru ekki heppilegar fyrir háa hæla.

Þegar hún situr ein og bíður hlustar hún eftir hljóðum að utan. Hún þekkir orðið fótatak allra í götunni. Konuna með hundinn sem dregur fæturna, smiðinn sem gengur rösklega, stuttum skrefum. Gamla manninn sem er oftast á inniskóm. Það er sérstakt hljóð í inniskóm, eins og aukaskellur. Best þekkir hún þó fótatak hans, fótatak sem hún hlustar eftir og bíður eftir öll kvöld. Hann gengur hægt og stígur þungt til jarðar.

Eins og aðrar andvökunætur gerir hún tilraun til að skálda upp sögu sem á sér stað í þessu gamla húsi. Hún gerir þetta gjarnan til að leiða hugann frá samviskubitinu og hugsunum sem snúast um þau; hann og hina. Stundum er hún þó föst í þessum hugsunum, eins og núna.

Hún virðir fyrir sér hallandi veggina, skakkt loftið, slitna þröskuldana og staldrar við dökka blettinn. Loks fær hún hugmynd og upphugsar í skyndi fléttu um glæp kringum dökka blettinn í fjalagólfinu.

Loks syfjar hana aftur svo hún skríður upp í rúm og sofnar fast. Hrekkur upp við ákafa hundgá og hugsar konunni með hundinn þegjandi þörfina. Alltaf á ferðinni með þetta loðna hundræksni. Reynir að kúra sig niður aftur. En mannamál og fótatak varna henni svefns. Þegar sírenur í lögreglubíl og sjúkrabíl bætast við, gefst hún upp og fer á fætur. Sírenurnar eru orðnar skerandi háværar. Hún gáir skelkuð út um gluggann og sér lögreglumenn stökkva út úr bíl, krjúpa við hornið á húsinu og horfa inn í portið. Skömmu síðar er dyrabjöllunni hringt. Lögreglumaður stendur fyrir utan. Hann snýr sér beint að efninu.

„Sunna Kjartansdóttir?“ Hún kinkar kolli.

„Kannast þú við mann að nafni Friðrik Árnason?“

Henni sortnar fyrir augum og styður sig í fátí við dyrastafinn.

„Já,“ segir hún á innsoginu og hugsar um söguna sem hún samdi í nótt. Sögu um ástríðuglæp.



## Geðlæknirinn

Við hittumst á Óðali. Við Guðmundur. Ég sat ein við barinn og beið eftir vinkonu minni. Ég fékk mér drykk í rólegheitum en áttaði mig fljótlega á að hún kæmi ekki. Það var dimmt inni, barinn var innréttaður í kántrýstíl, húsgögnin dökk og gróf og við dansgólfið var eitthvert undarlegt flikki með hnakki sem átti líklega að minna á ótemju. Mildur herrailmur blandaðist þungri reykjarlykt og væminni lykt af áfengi.

Ég leit við og sá að við hliðina á mér hafði sest maður, töluvert eldri en ég, í jakkafötum af betra taginu, einum of vel klæddur fyrir svona venjulegt fimmtudagskvöld. Ég tók sérstaklega eftir skónum, fallega brúnum úr mjúku leðri. Það var hann sem ilmaði svona vel.

„Þú ert að horfa á skóna mína,“ sagði hann og brosti.

Brosið var skakkt og hann var með djúpa drætti kringum munninn, grannleitur og augun lágu djúpt. Hann pantaði sér kaffi og vatnsglas. Ég sagði að mér þætti hann óþarflega finn í tauinu á svona venjulegu fimmtudagskvöldi og fannst ég allt í einu líka óþarflega drusluleg, í gallabuxum og heimalituðum afabol keyptum hjá Guðsteini á Laugaveginum.

„Ég var á símfóniútónleikum,“ sagði hann og horfði beint í augun á mér.

„Það eru tónleikar í Háskólabíói á fimmtudagskvöldum. Í kvöld var flutt ákaflega fallett verk, Konsert í D-dúr fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Stravinskji.“ Áhugi minn á klassískri tónlist var nákvæmlega enginn. Ef það var eitthvað sem mér leiddist meira en ópera á þessum árum þá voru það símfóniútónleikar. Hann sá líklega að ég varð tóm til augnanna því hann brosti til mín, skipti um umræðuefni, kynnti sig og sagðist heita Guðmundur Jóhannsson og vera læknir.

„Ég var á heimleið,“ sagði ég og bjóst til að klæða mig í úlpuna. Ákvað með sjálfri mér að nenna ekki að labba en taka síðasta strætó heim.

„Jæja, ég þarf að ná strætó.“ Mig langaði ekkert að hanga með þessum velklædda manni sem vandi komur sínar á símfóniútónleika.

„Ekki fara alveg strax,“ bað hann og pantaði fyrir mig annan drykk hjá þjóninum. „Ég skal skutla þér heim á eftir, ég er á bíl. Þú sérð að ég drekk bara kaffi.“

„Hvað veit ég um hvað er í kaffinu,“ sagði ég snefsin en kunni samt vel við manninn svo ég þáði drykkinn og farið.

Hann sagði mér að hann hefði farið reglulega á tónleika hjá Sinfónínunni síðan hann var unglingur. Hann hefði lært á píanó hjá ömmu sinni sem var píanókennari. Stundum gæti hann þó ekki farið og þá leið honum illa og fannst hann vera að svíkja ömmu sína.

Núnú, bara svona næmur og og mikil tilfinningavera, hugsaði ég með mér kaldhæðin og velti fyrir mér hvort þetta væri hans venjulega pikköpplína. En ég sagði ekki neitt og nikkaði bara kurteislega.

„Amma var akkerið mitt,“ sagði hann. „Mamma og pabbi voru ekki foreldrar sem neinn kysi sér að eiga. Því eyddi ég tímanum hjá ömmu og afa. Afi var klæðskeri og bróðir hans skósmiður og þar lærði ég að kaupa bara góð föt og skó.“

„Þannig að þú lætur sérsauma á þig fötin? Er það ekki rándýrt?“

„Klæðskerasaumuð föt fæ ég í London, í búð sem selur eingöngu slíkan klæðnað. Það er dýrt en ég hef efni á því þegar vel gengur,“ sagði hann. „Svo þarf maður að fara vel með fötin sín og ekki síst skóna. Einu sinni þegar ég bjó í Amsterdam gleymdi ég spariskónum mínum við hjólastandinn þar sem ég geymdi hjólið mitt. Ég skipti nefnilega alltaf um skó þegar ég var á hjóli. Sem betur fer stóðu þeir enn á stéttinni næsta morgun,“ sagði hann og hló, „reyndar fullir af vatni.“

„Gengur ekki alltaf vel hjá ykkur læknunum? Varla þurfið þið að kvarta yfir auraleysi?“ sagði ég, í mínum afaból og á námslánum sem dugðu varla út mánuðinn.

„Það er nú svona upp og ofan. En segðu mér af þér,“ sagði hann og hallaði undir flatt.

Ég sagðist vera háskólanemi og bóksali í bland og barfluga á kvöldin.

„Svo ertu afar ung, er það ekki?“

Ég tók eftir að augu hans voru sérkennilega ljósblá og rannsakandi og ég fann fyrir óróleika. Ég sagðist vera nægilega gömul til að versla í Ríkinu og vel það.

„En ef þú ætlar að keyra mig heim, þá þarf ég víst að fara að koma mér,“ sagði ég loks eftir að hafa spjallað um heima og geima í tæpan klukkutíma. Mig langaði þó ekkert heim. Guðmundur læknir var áhugaverður maður og sagði skemmtilega frá. Ég fann að hjartslátturinn var orðinn örari, ef til vill hafði ég drukkið of mikið. Tvö glös af rauðvíni var þó allt og sumt sem ég hafði látið ofan í mig.

Við gengum út í nóttina. Jörðin var gráföl og það var svolítið fukt í loftinu. Bíllinn var gulur Volvo sem var kominn þó nokkuð til ára sinna. Fasteign á hjólum. Við vorum örugglega fremur sérkennilegt par. Hann hár og grannur í fallegum frakka utan yfir jakkafötunum og ég smávaxin í grárri álafossúlpu og skalaskóm með sjúskaða, svarta alpahúfu. Hann hafði lagt bílnum við Fríkirkjuveginn.

Þegar hann kvaddi mig fyrir utan húsið þar sem ég bjó, spurði hann hvort ég vildi ekki koma með honum á sinfóníutónleika næsta fimmtudag. Þá væri sjálfur Beethoven á dagskrá. Ég þáði boðið án þess að hugsa mig um og þrátt fyrir andúð mína á sinfóníum. Veit þó ekki alveg hvers vegna. Ég held þó að það hafi verið augun, þessi sannfærandi ljósbláu augu.

Næsta fimmtudag sótti Guðmundur mig á Volvónum og við hlustuðum andaktug á tónlist Beethovens. Þetta kvöld opnaði augu mín fyrir töfrum klassískrar tónlistar. Ég velti því aðeins fyrir mér hvort ég væri skotin í honum eða hann í mér en komst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Hann var líka allt of gamall fyrir mig. Okkur líkaði bara vel hvoru við annað.

Veturinn leið þannig að við fórum alltaf saman á tónleika á fimmtudögum. Öðru hverju fengum við okkur kaffibolla eftir tónleikana á Mímisbar á Sögu en oftast keyrði hann mig bara beint heim. Yfir kaffibollanum sagði hann mér frá æsku sinni og fjölskyldu. Varð tíðrætt um ömmu sína og þegar hann var lítill og sofnaði út frá suðinu í saumavélunum. Sagði frá óreglunni á foreldrunum sem ýmist voru upptekin í vinnunni á saumastofunni eða með gleðskap heima í stofu.

Amma hans og afi bjuggu á hæðinni fyrir neðan og þar átti hann athvarf þegar gleðskapurinn heima fór úr böndunum. Ég sagði honum frá náminu í háskólanum og því sem ég var að lesa þar. Flest hafði hann lesið líka og við gátum rætt endalaust um skáldskap, bæði íslenskan og erlendan.

Kvöld eitt undir vor hringdi hann í mig og spurði hvort hann mætti líta aðeins við hjá mér. Ég sagðist vera í prófum og þyrfti að lesa.

„Bara augnablik,“ sagði hann, „ég á við þig erindi.“

Stuttu seinna bankaði hann upp á. Ég sá strax að hann var ekki eins og hann átti að sér að vera og spurði hvort eitthvað hefði komið fyrir. Hann neitaði því en rétti mér umslag og bað mig að geyma það fyrir sig.

„Ekki láta mig eða neinn annan fá það undir neinum kringumstæðum næstu tvo mánuðina að minnsta kosti.“

„Hvað áttu við?“ spurði ég undrandi.

„Þú skilur það seinna,“ sagði hann og brosti til mín, kyssti mig á kinnina og sagðist þurfa að rjúka. Hann var enn snyrtilegri en vanalega og var með þunna leðurmöppu undir hendinni. Ég stóð undrandi í gættinni og horfði á eftir honum hlaupa niður tröppurnar. Svo liðu nokkrar vikur sem urðu að mánuðum og ekkert heyrðist í Guðmundi.

Lífið gekk sinn vanagang þrátt fyrir það og ég vandist því loks að eiga fimmtudagskvöldin með sjálfri mér eða vinkonum mínum meðan umslagið gleymdist í skúffunni. Ég saknaði þó samvistanna við hann mikið og þegar ég hugsaði til hans, fann ég fyrir skríttinni tilfinningu í brjóstinu. Hún var bæði vond og góð, mér datt í hug hvort hún væri svona, þessi ljúfsára þrá sem skáldin ortu um.

Einn sunnudagsmorgun seint í ágúst vaknaði ég við hvella hringingu dyrabjöllunnar. Ég var ekki útsofin og grútpirruð á því að vera vakin svona snemma. Ég lét því sem ég heyrði ekki í bjöllunni, nennti ómögulega að eiga samskipti við fólk. En sá sem vildi komast inn gafst ekki upp og að lokum var hreinlega legið á bjöllunni. Það var því engin undankomuleið svo ég staulaðist í náttbuxurnar og fór fram og opnaði. Upp stigann kom maður í ljósum

óhneptum frakka sem virkaði allt of stór á hann. Þetta var Guðmundur. Ég tók andköf þegar ég sá framan í hann. Hann var öskugrár og leið augljóslega mjög illa. Hendurnar skulfu og hann var að því kominn að hníga niður.

„Ósköp eru að sjá þig?“ hálfhrópaði ég.

„Má ég koma inn og hvíla mig?“ spurði hann en beið ekki eftir svari heldur skjögraði framhjá mér og studdi sig við vegginn. Ég greip undir handlegginn á honum og ætlaði að leiða hann inn í stofu.

„Er þér sama þó ég leggist, ég er að líða útaf.“ Hann benti inn í herbergið mitt og á rúmið sem ég var nýstaðin upp úr. Þar sem ég sá í hendi mér að ég gæti ekki dröslað honum alla leið inn í stofu, leiddi ég hann inn í rúmið mitt og hjálpaði honum að leggjast út af.

„Fyrirgefðu,“ sagði hann og nú skalf hann allur eins og hrísla.

„Komdu til mín og liggðu hjá mér.“

„Nei“ sagði ég „ekkert svoleiðis.“

„Mig langar bara að þú haldir í höndina á mér,“ stundi hann upp á milli krampanna sem komu nú hver af öðrum. Ég var ævinlega berskjöldið gagnvart þeim sem líður illa og skreið því upp í rúm og tók í höndina á honum. Hún var sveitt og beinaber og hann skalf eins og hrísla. Augun sem voru áður svo fallega fölblá, lágu nú enn dýpra undir þrútnu rauðu holdi. Þau höfðu misst töfrana.

„Þetta gengur yfir. Má ég vera hjá þér á meðan, bara í örfáa daga?“

Röddin var biðjandi en hann horfði ekki í augu mér eins og hann var vanur, augu hans hvörfluðu út í bláinn án sýnilegrar stefnu.

„Gætirðu kannski verið hjá mér á morgun? Svo ætti ég að geta þetta einn. Ég kann á þetta. Það er alltaf sama rútinan. Fyrirgefðu. Ég veit að ég hefði átt að segja þér frá þessu en...“

Hann var næstum farinn að gráta svo ég kinkaði bara kalli og kyngdi öllum spurningunum sem hlóðust upp eins og fjall í huga mér.

„Á ég ekki að hringja á sjúkrabíl?“ Ég var orðin hrædd um að maðurinn hrykki upp af í rúminu mínu. Það var saga sem ekki átti erindi til næsta bæjar.

„Nei, í öllum bænum, þetta líður hjá á örfáum dögum.“

„Hvað er að,“ spurði ég, „flogaveikur eða...?“

„Nei en þetta kemur stundum fyrir. Ég þarf bara að hvíla mig vel. En það er vont að vera einn á meðan þetta gengur yfir.“ Hann lagði aftur augun eins og til að koma í veg fyrir fleiri spurningar.

Ég signdi mig í hugarum. Ég gæti ekki skilið hann eftir einan heima ef hann yrði ekki betri á morgun. Ég ákvað að gefa honum einn mánudag úr lífi mínu ef það bjargaði einhverju.

„Hafðu engar áhyggjur, ég verð hvort eð er heima á morgun. Ég þarf að gera verkefni fyrir skólann,“ sagði ég sallaróleg en ólgandi að innan vegna þessarar óvæntu innrásar í einkalíf mitt.

Við lágum þarna bæði fram eftir degi. Ég dormandi og hann í sínum vítiskvölum. Hönd í hönd eins og gömul hjón. Þrátt fyrir aðstæðurnar var návist hans notaleg og það gladdi mig að hann skyldi leita til mín. Ég fylltist skyndilegri ástúð og strauk honum ofurvarlega um ennið öðru hvoru með blautum klút. Loks fór að brá af honum og hann sofnaði undir kvöld, vaknaði aftur um miðja nótt með andköfum og óráði. Hann virtist hræddur við eitthvað sem hann sá í myrkrinu og ýmist bandaði frá sér eða hjúfraði sig upp að mér. Svona leið þessi dagur og nóttin og næsti dagur og næsta nótt.

Á þriðja degi var ástandið betra og ég sá fram á að Guðmundur vinur minn myndi lifa þetta af. Ég útbjó morgunverð snemma, því ég þurfti að mæta í skólann upp úr tíu og vænti þess að fá skýringar fyrst. Hann vaknaði við skurkið í mér og kom fram

„Þú ert yndisleg, kannski ég elski þig,“ sagði hann og kyssti mig á hnakkann. „Þú ert engilbjört á degi sem nóttu. Þú veist ekki hvað ég er þakklátur.“

„Bull,“ sagði ég.

Við settumst við eldhúsborðið. Það var þögn dálitla stund. Hann leit upp en gat ekki enn horfst í augu við mig. Ég var nú ekki sérlega hissa á því.

„Hefurðu tíma?“ spurði hann.

„Já, smátíma en svo þarf ég að fara í skólann.“

„Þetta er löng saga. En má ég fara í sturtu fyrst? Ég lykta eins og úldinn fiskur.“

Á meðan gekk ég frá í eldhúsinu, hitaði meira kaffi og sótti mér ullarsokka og fór í peysu utan yfir náttfötin. Svo kom ég mér fyrir í sófahorninu með rjúkandi kaffibolla og dró undir mig fæturna.

Þar sat ég þegar hann kom úr sturtunni. Hann leit hörmulega út en virtist þó heldur hressari. Hann hafði farið í sloppinn minn og ég gat ekki varist hlátri þótt mér væri alls ekki hlátur í hug.

„Ég ætla að klæða mig svo þú getir tekið mig alvarlega.“

Hann brosti til mín gamla skakka brosinu sínu sem virtist enn breiðara í tágörönnu andlitinu. Ég fann hvernig ég hitnaði að innan.

Þegar hann kom aftur settist hann í stól á móti mér.

„Hvar á maður að byrja,“ sagði hann við sjálfan sig og strauk blautt hárið frá enninu.

„Þú getur til dæmis sagt mér hvað þetta er með heilsuna hjá þér. Ég var skíthrædd um að þú dæir í höndunum á mér.“

„Mér þykir þetta svo leitt en ég hef skrökvað hræðilega að þér. Sannleikurinn er sá að ég var með tremma þegar ég kom. Ég er vonlaus alkóhólisti og dópisti. Manstu þegar ég kom til þín með umslagið í vor? Síðan þá hef ég verið í neyslu. Mestmegnis í dópi.“

Það var eins og ég hefði fengið högg undir bringuspálinnar. Ég dró djúpt andann.

„Já, en þessa mánuði sem við vorum saman...“ Ég beit í tunguna á mér. „Ég meina meðan við vorum að fara á símfóníuna... þá...“

„Nei, þá var ég aldrei undir áhrifum. Sjáðu til ég þarf að hvíla mig og safna kröftum öðru hvoru og undirbúa mig fyrir næstu törn. Í vetur var ég í hvíld.“

„En hvernig...?“ mig rak í vörðurnar. „En læknir? Hvernig geturðu...?“

„Ég er ekki læknir. Og það er bara ein lygin. Allt verður ein lygi þegar lífið er svona. Ein lygin kallar á aðra. Mörkin milli raunveruleikans og þeirrar myndar sem maður vill að heimurinn sjái verða óljós og í vímunni skiptir engu máli hvað er satt og hvað ósatt.“

„En þú varst ekki undir áhrifum þegar við spjölluðum sem mest, eða hvað?  
Hvers vegna að ljúga að mér?“

Hann stóð upp og færði sig nær glugganum, snéri baki í mig og hélt áfram.

„Lygin er eins og skugginn minn, hverfur ekki þótt ég reyni að snúa við honum baki,“ sagði hann.

Klukkan nálgast tíu. Ég stóð upp, ég varð að fara í skólann. Ég átti að skila verkefni og gera grein fyrir því í tímanum. Þetta var hópverkefni og ekki dugði að bregðast hinum í hópnum.

„Nú þarf ég að drífa mig, annars verð ég of sein í skólann.“

„Láttu mig ekki trufla þig í því sem þú þarft að gera. Ég er að fara. En viltu vera svo góð að sækja fyrir mig umslagið.“

Ég var honum bálreið en samt langaði mig til að segja honum að vera lengur og bíða eftir mér. Eitthvað hélt samt aftur af mér og ég fór og sótti umslagið og rétti honum. Ég horfði beint í augu hans, þessi ótrúlega ljósbláu augu.

„Ertu reið við mig?“ spurði hann og tók um axlirnar á mér.

Ég sagði ekki neitt. Þessi augu. Mér var strax runnin reiðin. Mig langaði bara að vefja hann örmum. En hann kyssti mig bara snöggt á ennið, strauk mér um hárið og hvarf út um dyrnar.

Allan daginn var ég annars hugar, lauk skammlaust við verkefni dagsins og kom ekki heim fyrr en undir kvöld. Ég eldaði mér grjónagraut en hafði svo enga lyst og eignaði bara um húsið í tilgangsleysi. Tók utan af rúminu og sett hreint á. Ákvað að fara snemma að háttu og lesa. Það hafði ekki verið mikill tími eða dögungun til að læra þessa síðustu daga.

Þessi nótt var upphafið að mörgum svefnlausum nóttum sem komu í kjölfarið. Þegar morgnaði hafði ég komist að niðurstöðu sem ég var hreint ekki sátt við. Ég var hrifin af manni sem var tuttugu árum eldri en ég. Það eina sem ég vissi var að hann var dópisti dauðans og hafði logið mig fulla. Ég ætlaði aldrei að hitta hann aftur.

Næstu dagar voru kolsvartir þegar ég hugsa til baka og svo kom að því að ég gat ekki meir. Símanúmer eða heimilisfang hafði ég ekki. Guðmund Jóhannson



lækni fann ég hvergi, enda bara uppspuni. Loks ákvað ég að fara á sinfóníutónleika einn fimmtudaginn í þeirri von að rekast á hann.

„Sæl mín kæra vinkona. Ekki átti ég von á að rekast á þig.“

Þetta var Guðmundur sem bankaði létt í öxlina á mér. Hjartað tók kipp, ég snarsnéri mér við og hefði örugglega fleygt mér um hálsinn á honum ef hann hefði verið einsamall. Það var hann ekki. Með honum var kona á aldur við hann, ákaflega glæsileg. Ég kannaðist við andlitið, hún var þekkt kona úr tískubransanum. Hann kynnti okkur og umlaði eitthvað sem ég heyrði ekki fyrir eigin hjartslætti.

„Já, ég þurfti að hitta á þig og þetta var það eina sem mér datt í hug. Gætum við hist fjótlega? Mig langar til að tala aðeins við þig,“ sagði ég og fann roðann brjótast fram í andlitið. Hann brosti bara fallega og sagði:

„Nýja kökuhúsið við Austurvöll á morgun klukkan þrjú?“

Ég samþykkti það, snérist á hæli og fór. Algjörlega búin að gleyma að ég átti miða á tónleikana.

Við sátum við glugga sem snéri út að Austurvelli og hann pantaði kaffi og köku handa okkur.

„Mikið er gott að sjá þig,“ sagði hann og tók um hönd mína. „Þakka þér fyrir allt sem þú gerðir fyrir mig. Þú ert sannkallaður engill. Hvað liggur þér á hjarta?“

Allt í einu brast eitthvað innra með mér og tárin fóru að renna niður kinnarnar.

Hann tók þéttar um hönd mína og beið rólegur eftir að ég jafnaði mig.

„Þú getur ekki bara farið svona,“ volaði ég, „skilur mig bara eftir í lausu lofti og veit ekkert um þig... okkur...“

„Þarftu að vita það, elskan mín? Nú byrjar þú bara á öðrum og skemmtilegri kafla og lokar bókinni um lygna fíkilinn sem sótti sinfóníutónleika.“

„Ég loka aldrei bók sem ég hef ekki klárað.“

„Já, þú ert prinsipmanneskja, ég var búinn að gleyma því. Hvað viltu vita?“

„Er allt sem þú sagðir mér tómur uppspuni?“

Guðmundur andvarpaði þungt og hóf að segja frá.

„Ég ætlaði reyndar að verða læknir. Það er það sem við gerum í minni fjölskyldu. Mér gekk ekki nema sæmilega í læknisfræðinni en á kandidatsárinu komst ég á bragðið með lyfin. Það breytti lífinu algerlega. Skyndilega varð allt svo auðvelt. Ég kveið ekki lengur fyrir sunnudögnum og áleitnum spurningum snillingsins móður minnar um námið. Að lokum varð það þannig að ég gat hvorki lært, unnið, né sofið nema með hjálp lyfjanna. Allt var komið í óefni og ég skuldum vafinn þegar foreldrar mínir komust að ástandi mínu. Þeim var annt um mannorð fjölskyldunnar og sitt eigið svo lengi vel hylmdu þau yfir með mér.“

„Svo pabbi þinn var ekki klæðskeri?“ spurði ég alveg rugluð.

„Nei, hann var læknir. Mamma var líka læknir. Það var því auðvelt fyrir mig að fá þau til að skrifa út lyfseðla. Þetta var svona winwin staða, ég fékk mitt dóp og enginn vissi neitt. Í staðinn lofaði ég að hætta læknisnáminu. Svona var staðan lengi vel. Ég gat ferðast og gert allt sem mér datt í hug þegar ég var ekki að dópa en pabbi sá til þess að ég tæki mér frí frá neyslunni reglulega til að ég héldi lífi. Þau sendu mig ítrekað í meðferð en allt kom fyrir ekki.“

„Já, en þetta eru yfir tuttugu ár í neyslu, ertu vitlaus maður?“

„Lífið hjá mér snýst um þetta, dóp og aftur dóp. Ekki sérlega áhugavert.“ Hann dró að sér höndina sem allan tíman hafði haldið um mína og bjóst til að standa upp. En bætti svo við: „En það var satt sem ég sagði um ömmu og afa.“

Jæja, mín kæra, ég verð víst að drífa mig, ég var búinn að lofa Sylvíu að keyra hana. En ég gæti kannski komið við hjá þér seinni partinn á morgun og leitt þig í allan sannleika um mitt auma líf. Ég svaraði honum ekki en spurði:

„Hver er hún, þessi Sylvía?“

Spurnarsvipur kom á hann augnablik. „Sylvía er konan í lífi mínu. Sagði ég þér aldrei frá henni? Við höfum verið saman í yfir tuttugu ár. Og sundur líka reyndar.“

„Og gleymdir bara að segja mér það?“

Hann leit undan en sagði ekki neitt.

Stór kökkur myndaðist í hálsinum á mér en ég kyngdi honum varlega og stóð upp, þakkaði fyrir spjallið, kvaddi og flýtti mér út. Ég fann augnaráð hans á hnakka mér en gætti þess að snúa mér ekki við.

Sorg og reiði helltust yfir mig. Ég var öskureið við hann en enn reiðari sjálfri mér fyrir að ímynda mér eitthvað sem átti ekki við nein rök að styðjast.

„Elskan mín og elskan mín,“ tautaði ég og vonaði að að ég sæi hann aldrei aftur.

Næstu vikur hellti ég mér í námið og reyndi að gleyma mínum óraunhæfu draumum. Dag einn ákváðum við nokkur sem vorum saman í sagnfræðinni ásamt kennaranum að taka umræðutíma á Mokka. Fyrsti maðurinn sem ég sá þegar inn kom var Guðmundur, ef hann hét þá Guðmundur, hugsaði ég. Hann reis á fætur, flýtti sér á móti mér og faðmaði mig að sér. Ég varð vandræðaleg.

„Ægilega er ég feginn að sjá þig, yndisleg,“ sagði hann og leit í augu mér, eins og til að leita eftir því hvort ég væri ekki líka glöð að sjá hann. Ég sýndi engin svipbrigði en sagði sömuleiðis og settist hjá félögum mínum. Guðmundur settist ekki aftur en klæddi sig í frakkann. Um leið og hann gekk framhjá borðinu mínu, blikkaði hann mig og rétti mér samanbrotinn miða, lyfti hendi í kveðjuskyni og fór.

„Hvernig þekkirðu Guðmund geðlækni?“ spurði kennarinn. „Er hann skyldur þér?“

„Guðmund geðlækni?“ át ég upp eftir honum.

„Já, var þetta ekki hann?“

„Já, jú,“ sagði ég til að losna við fleiri spurningar. „Ég þekki hann bara lauslega í gegnum frænku mína.“

„Nei bara, maður hefur heyrt svo margar sögur af honum.“

„Jæja,“ sagði ég bara.

Ég gáði ekki á miðann fyrr en ég kom heim. Hann hafði skrifað símanúmerið sitt stórum rauðum stöfum.

Næstu helgi eftir uppkomuna á Mokka var partý hjá vinkonu minni og fullt af fólki. Við vinkonurnar höfðum tekið forskot á sæluna á meðan við klæddum okkur og blandað okkur flotta kokteila með tilheyrandi sykkurrönd, regnhlífum og sogröri. Við vorum því orðnar nokkuð drukknar þegar fór að líða á kvöldið. Vinkonur mínar höfðu haft mikið fyrir því að draga mig með því undanfarnar

vikur hafði hegðun mín jaðrað við þunglyndi. Þær höfðu þó ekki hugmynd um ástæðurnar fyrir líðan minni. Guðmundarmálum hafði ég haldið algjörlega út af fyrir mig. Ég ákvað því, til að sanna að ekkert amaði að mér, að taka kvöldið alla leið og finna mér strák til að daðra við.

Það reyndist auðvelt. Ég blikkaði bara einn sem mér leist þokkalega á. Hann skildi bendingu mína um leið og bauð mér upp í dans. Fljótlega fór hann að strjúka mér niður bakið en þegar hann reyndi að kyssa mig hrökk ég frá eins og hann hefði bitið mig. Jæja þetta var staðan. Ég vildi bara Guðmund. Þennan gamla, tekna og ómerkilega mann sem engin framtíð var í. Djöfull hvað ég var vonlaus.

Ég lagði af stað heim gangandi, kófdrukkin og þreytt. Það var kalt úti og ég óð upp að ökklum í föllnu laufi og blóðrauðum reyniberjum. Út Ásvallagötuna, í gegnum flauelsklæddan kirkjugarðinn og þaðan Skothúsveginn og yfir Tjörnina. Mér leið ekki vel og sogaði að mér haustloftið. Á brúnni kastaði ég upp beisku litríku gumsi og hét því með sjálfri mér að smakka aldrei aftur á kokteil. En þegar heim kom og ég var stigin út úr sturtunni fannst mér ég aldrei hafa verið skýrari kollinum og að hið eina rétta væri að hringja í Guðmund fyrrum vin minn. Klukkan var þrjú að nóttu þegar ég hringdi.

Hann svaraði eftir nokkurn tíma. Hann virstist hissa þegar hann áttaði sig á hver ég var og spurði hvort eitthvað hefði komið fyrir.

„Neibb doktor,“ drafaði í mér „mig langaði bara að vita hvort þú geðlæknirinn getir tekið mig í viðtalsmeðferð?“

Það varð þögn í símanum.

„Þú ert drukkin,“ sagði hann svo.

„Ég er bláedrú, búin að fara í sturtu og allt og þarf bara að ná tali af geðlækni.“

„Ertu heima hjá þér?“

„Komdu bara, doktor Guðmundur geðlæknir.“

Það leið ekki nema hálf tími þar til bjallan hringdi. Ég opnaði dyrnar upp á gátt. Ég ætlaði að sækja rauðvínsflösku í eldhússkápinn en hann afþakkaði kurteislega,

sótti handa mér vatnsglas og leiddi mig inn í stofu. Hugmyndin um að messa yfir honum virtist nú skyndilega ekki eins góð og áður.

Ég vissi hinsvegar núna hvað ég vildi, tók hönd hans og stýrði henni varlega undir sloppinn minn.

„Ég var búin að segja þér að þú ættir að gleyma þessari vitleysu og halda áfram með lífið. Þú átt ekki að láta svona fugl eins og mig rugla þig í ríminu.“ Hann dró að sér höndina og horfði stíft á mig.

„En ég skal segja þér frá Guðmundi geðlækni. Það kemur kannski vitinu fyrir þig.“

Hann tók sér kúnstpásu.

Ég reyndi aftur að taka um hönd hans en hann ýtti mér frá sér.

„Líklega er ég fæddur leikari. Mér hefur að minnsta kosti tekist vel upp í því hlutverki sem ég hef kosið mér sem lifibrauð. Síðan pabbi dó hefur mér tekist að fjármagna neysluna algerlega án þess að stunda neina vinnu og án þess að tapa eyri af peningunum sem ég fékk í arf frá foreldrum mínum. Þetta gekk bara vel upp þar til mamma dó, þau sáu mér fyrir lifibrauði og borguðu skuldir mínar. En við andlát mömmu missti pabbi heilsuna og lífslöngunina og kærði sig æ minna um almenningsálitið. Hann hætti að láta mig hafa peninga.“

Rödd Guðmundar varð rúm og hann ræksti sig. Ég drakk vatnið hratt og beið óróleg eftir að hann héldi áfram.

„Sjáðu til. Ég var nauðbeygður til að hjálpa mér sjálfur. Ég er fæddur aristokrat, vanur góðu lífi og vildi vera flottur í tauinu. Og tækifærið kom upp í hendurnar á mér.“

Ég var staddur á hádegisbarnum á Naustinu, sat þar við barinn þegar góðborgari einn, nokkuð þekktur maður í þjóðlífinu ávarpaði mig. Hann var dálítið drukkin og lagði höndina á öxl mér og spurði af hverju í ósköpunum ég væri að brosa. Heimurinn væri táradalur, hann elskaði konu sem ætti mann og hún elskaði sig en hann ætti sjálfur aðra konu. Líf hans væri ein frústrasjón.“ Hann hikaði augnablik og sagði svo. „Þú veist mín kæra að ég er laginn að tala við fólk.“

Ekki fær um annað en að hlusta kinkaði ég kolli.

„Ég benti honum á að leita til sálfræðings. Hann sagðist ekki vilja láta það fréttast, vegna stöðu sinnar, að hann þyrfti að leita sér hjálpar vegna andlegra erfiðleika. Ég þrýsti hönd hans samúðarfullur, enda sjálfur dapur yfir hvað snafsinn hafði hækkað í verði. Auk þess var ég búinn með það sem ég hafði haft í veskinu og þjónarnir löngu hættir að taka við ávísunum frá mér enda oftast innistæðulausar eftir að pabbi hætti að sjá fyrir mér.

Skyndilega fékk ég hugdettu og lét vaða. Veistu vinur, sagði ég, þú ert heppinn í dag. Það vill svo til að ég er menntaður í sálfræði og geðlækningum. Ég get ef til vill hjálpað þér. Við gætum hist hér og á öðrum veitingastöðum í borginni og ég get tekið þig í viðtal þar. Engan þarf að gruna neitt, þú ert bara að fá þér einn léttan með kunningja. Þú borgar mér svo bara undir borðið og allir sáttir.“

„Hann trúði þér... nei það getur ekki verið?“

„Jú, og þetta spurðist út. Bókstaflega allir féllu fyrir þessu og nú kom sér vel að áhugasviðið innan læknávisindanna voru geðlækningar. Ég las mér til um sálfræði og geðsjúkdóma og hafði virkilegan áhuga. Auk þess hafði ég alltaf verið vel klæddur og snyrtilegur og aldrei dottið í þann pytt að líta út eins og róni þótt ég sé engu skárri en þeir.“

„Já, fötin skapa manninn, sagði klæðskerasonurinn,“ tautaði ég og hugsaði um það þegar ég hitti hann í fyrsta sinn og horfði meira á fötin en manninn. Hann lét þetta ekki trufla sig.

„Svo sannarlega! Allt þetta hjálpaði mér og enn gengur þetta þegar ég er í neyslu. Það fer þó allt í kostnað. En höfuðstóllinn er alltaf á bankabókinni. Sjáðu til, vinkona mín, það er bankabókin sem var í umslaginu sem ég lét þig hafa. Bankinn veit líka hvernig málin standa og lætur mig ekki ljúga því að bókin sé týnd og afgreiðir mig ekki nema ég hafi hana.“

„Þú ert þá bara hreinræktaður skíthæll,“ sagði ég og var næstum farin að skæla yfir hvað ég var einföld og trúgjörn. „Hvernig er hægt að vera svona lyginn og ómerkilegur?“

„Það kemst allt upp í vana og eins og ég sagði þér í vor, verða mörkin óljós milli veruleikans og lyginna, með tímanum veit maður varla sjálfur hvað er satt og hvað logið. Mér fannst ég meira að segja vera á stundum einstaklega fórnfús og góður að geta hjálpað þessu ágæta fólki sem átti ekki annarra kosta vö.“

Ég opnaði munninn til að gera athugasemd við orð hans en hann greip um hendur mér og horfði beint í augu mér.

„Sjálfsblekking á hæsta stigi, ég veit,“ sagði hann. „Veistu, það sem ég er bestur í er að nota fólk. Ég notaði þig þegar ég þurfti á þér að halda, ég ber alls engar tilfinningar til þín og hef aldrei gert, ég notaði þig bara, eins og foreldra mína og vini. Allt fallet sem ég hef sagt við þig er bara enn ein lygin, eingöngu í mína eigin þágu. Hafir þú haldið eitthvað annað er það bara þín ímyndun. Skilurðu hvað ég er að segja? Þú skiptir mig engu máli, alls engu.“

Hann horfði kuldalega beint á mig og augun voru ekki lengur ljósblá. Þau voru stálgrá, ísköld og hörð. Hann var staðinn upp. Ég stóð líka upp. Augnablik kom ég ekki upp orði, allt var á ringulreið í höfðinu á mér á meðan ég meðtók það sem hann sagði. Mig svimaði og ég þurfti að kasta upp.

Skjálfandi á beinunum öskraði ég á hann að koma sér út. Hann sótti frakkann sinn, lyfti hönd í kveðjuskyni og fór. Ég sat lengi á gólfinu við dyrnar á meðan ég jafnaði mig. Full af trega skildi ég loks að þetta var það eina rétta.